

Fundargerð 15. fundar

siðanefndar sambandsins

Árið 2018, mánudaginn 8. október kl. 10:00 kom siðanefnd sambandsins saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Sigurður Kristinsson, Erling Ásgeirsson og Anna G. Björnsdóttir.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Erindi frá Reykjavíkurborg - 1809011SA

Málið varðar beiðni frá forsætisnefnd um almenn tilmæli siðanefndarinnar varðandi það þegar kjörnir fulltrúar gera starfsmenn sveitarfélaga að umtalsefni í opinberri umræðu. Formaður reifaði málið á grundvelli málsmeðferðarreglna nefndarinnar og lagði til að nefndin taki það til afgreiðslu sem beiðni um leiðsögn og að rétt sé að líta svo á að forsætisnefnd Reykjavíkurborg sé málsaðili. Var það samþykkt.

Var erindið reifað og rætt og ákveðið hvernig unnið verði áfram að því. Verður málið tekið fyrir að nýju á næsta fundi nefndarinnar.

2. Erindi frá Hafnarfjarðarbæ - 1809011SA

Málið varðar umfjöllun kjörins fulltrúa um starfsmann bæjarins og hefur því efnisleg tengsl við erindi Reykjavíkurborgar.

Með vísun til þess var samþykkt að skoða málið samhliða því.

3. Aðgerðir siðanefndar á nýju kjörtímabili (2018-2022) - 1806010SA

Umræðum fram haldið frá síðasta fundi.


Samþykkt að stefna að því að endanleg tillaga að uppfærðum leiðbeiningum til sveitarstjórna um gerð siðreglna liggja fyrir á næsta fundi nefndarinnar í byrjun nóvember.

Fundi var slitið kl. 12:00


Sigurður Kristinsson



Erling Ásgeirsson



Anna G. Björnsdóttir